



Til: Borgarstjóra

Efni: Greinargerð með framlagningu Öryggisstefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg

Hér með eru lögð fram drög að öryggisstefnu Reykjavíkurborgar.

Drögin hafa verið þróuð af öryggisnefnd Reykjavíkur, sem var endurskipuð með erindisbréfi sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs í febrúar 2021. Öryggisnefndin starfar á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og starfar samhliða öryggisnefndum sviða og öðrum vinnuverndarfulltrúum, þ.e. öryggisvörðum og öryggistrúnaðarmönnum, samkvæmt þeim lögum.

Öryggisstefnan byggir meðal annars á skýrslu *starfshóps um skipulag öryggismála og áhættumat* sem starfaði á árinu 2019 og skilaði skýrslu sinni með ítarlegum tillögum í ágúst 2019. Meðal tillagna hópsins var að mótuð skyldi öryggisstefna, með skýrri aðgerðaáætlun og sterkari umgjörð um málaflokkinn.

Hér undir eru helstu niðurstöður starfshópsins frá 2019:

Þegar á heildina er litið þá vantar talsvert upp á að fagsvið borgarinnar og borgin í heild nái að uppfylla nægilega vel þær kröfur í lögum og reglum um vinnuvernd sem fjallað er um í skýrslu þessari. Það er mat starfshóps að auka megi skilvirkni með því að einfalda skipulag öryggismála og skýra betur hlutverka- og verkaskiptingu á milli ábyrgðaraðila. Einnig er mikilvægt að veita leiðsögn um framkvæmdina með því að setja fram stefnu um öryggismál sem þar sem fram koma megináherslur borgarinnar í öryggismálum og aðgerðir til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

Öryggisnefndin sem nú starfar hefur hist tvisvar í mánuði og hefur fjallað um stefnuna með einum eða öðrum hætti á flestum sínum fundum. Nefndin hefur náð góðum samhljómi og er einhuga í vilja sínum til að sjá öryggismálin komast á betri stað en nú er.

Stefnan hefur þróast smám saman á þessu tímabili, og hafa ytri atvik haft áhrif á hana. Sem dæmi má nefna að þegar borgarstjórn samþykkti aðgerðaáætlun gegn ofbeldi þann 1. febrúar sl. þá var ákveðið að setja í stefnuna viðbótarkafla um forvarnir og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki.

Umsagnaferli vegna stefnunnar hófst í janúar 2022, og fór fram sem hér segir:

Stefnuþingin sem þá lágu fyrir voru send til sviðsstjóra fag- og kjarnasviða (að mannauðs- og starfsumhverfissviði undanskildu) og borgarritara þann 27. janúar. Óskað var eftir umsögnum sviða fyrir 21. febrúar. Fjögur svið auk borgarritara skiluðu umsögn í fyrri umferð og voru þær teknar til umfjöllunar og breytingar gerðar á stefnunni, á fundum öryggisnefndarinnar. Nefndarmenn telja sig hafa komið vel til móts við athugasemdir, og þær voru almennt ekki stórvæðilegar.

Ákveðið var í kjölfarið að nefndin myndi einnig gera minnisblað um kostnaðarmat stefnunnar og senda það ásamt nýjum drögum aftur til sviðsstjóra og borgarritara. Minnisblaðið og ný útgáfa af stefnunni voru send sviðsstjórum og borgarritara þann 18. mars 2022 og óskað skjótra viðbragða. Í kjölfar þess bárust umsagnir frá þeim þremur sviðum sem ekki höfðu skilað umsögn í fyrri umferð, og barst síðasta umsögnin þann 27. mars 2022.

Rétt er að nýta tækifærið hér og þakka sviðsstjórum fyrir vandaða vinnu við gerð umsagna, en með því ferli má í raun segja að grunnur hafi verið lagður fyrir innleiðingu stefnunnar.

Hjálögð stefnuþing sem fylgja bréfi þessu eru afrakstur þessarar vinnu, og eru lagðar fram hér til samþykktar.



Reykjavíkurborg
- einn vinnustaður

Minnisblaðið er ekki lagt fram til samþykktar, heldur til upplýsinga fyrir borgarráð um áætlaðan kostnað við innleiðingu stefnunnar. Ljóst er að samþykkt viðbótarútgjalda þarf að fara í hefðbundin farveg og munu svið borgarinnar gera óska eftir þeirri viðbót ef þau telja ekki að unnt sé að mæta þeirri viðbótar mönnunarþörf sem málaflokkurinn kallar á, innan núverandi fjárhagsramma.

Virðingarfyllt,

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Hjálagt:

Öryggisstefna Reykjavíkurborgar, dags. 16. mars 2022.

Minnisblað um kostnaðarmat, dags. 24. mars 2022.



Öryggisstefna Reykjavíkurborgar

1. UMFANG STEFNU OG STARFSEMI

Öryggisstefnan er undirstefna mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og byggir á leiðarljósinu um **traust**, sem skilgreint er með eftirfarandi hætti: *Reykjavíkurborg vill skapa traust, og að heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og skapað sé öruggt vinnuumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum.*

Öryggisstefnan gildir fyrir alla starfsstaði Reykjavíkurborgar og tekur til allrar starfsemi hennar og alls starfsfólks.


Í öryggisstefnunni er skilgreint hvernig Reykjavíkurborg vill tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og þeim reglugerðum sem lögunum fylgja þ.m.t. reglugerðum nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Skipulag öryggismála hjá Reykjavíkurborg er með þeim hætti að Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar hefur yfirsýn yfir og tryggir að vinnuverndarstarfið sé virkt, auk þess að vinna að fræðslu, samstarfi og samræmingu í málaflokknum. Enn fremur er það í verkahring Öryggisnefndar Reykjavíkur að setja fram tillögu að stefnu í öryggis, heilsu- og vinnuumhverfismálum og framfylgja henni þegar fyrir liggur samþykkt stefna. Í Öryggisnefnd Reykjavíkur sitja fulltrúar allra fag- og kjarnasviða Reykjavíkurborgar og er hún skipuð til tveggja ára í senn.

Meginhluti vinnuverndarstarfs innan Reykjavíkurborgar fer fram í nærumhverfi starfsfólks á hinum fjölmörgu ólíku starfsstöðum borgarinnar. Starfið þar er í höndum „vinnuverndarfulltrúa“, sem skiptast í öryggistrúnaðarmenn (ÖT) og öryggisverði (ÖV). Á öllum starfsstöðum skal starfa að lágmarki einn öryggistrúnaðarmaður en síðan eru skipaðir öryggisverðir fyrir ákveðin fjölda starfsstöðva, en þeir eru fulltrúar vinnuveitanda, í samræmi við hugtakanotkun vinnuverndarlaga. Öll fagsvið Reykjavíkurborgar starfrækja fasta öryggisnefnd en kjarnasvið í stjórnarsýsluhúsum starfrækja sameiginlegar öryggisnefndir skv. skipuriti öryggisstjórnunarkerfisins.

Fulltrúar í Öryggisnefnd Reykjavíkur og öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn í öryggisnefndum sviða mynda í sameiningu „vinnuumhverfisnet“ borgarinnar. Þessi hópur ber ábyrgð, ásamt öllum stjórnendum sviða og starfsstaða, á framkvæmd þessarar stefnu og lögbundnu öryggisstarfi á vinnustaðnum.

Fulltrúar í öryggisnefndum starfa með teymum sem eru skipuð til að fylgja eftir tilkynningum og skráningum um einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO). Í mynd 1 sést tillaga um framtíðarskipulag öryggis- og vinnuverndarmála sem dregur m.a. fram þessi tengsl.



EKKO stendur fyrir Einelti, Kynferðisleg áreitni, Kynbundin áreitni og Ofbeldi

Mynd 1. Tillaga um nýtt skipulag öryggismála hjá Reykjavíkurborg

2. STÖÐUMAT OG HELSTU ÁSKORANIR

Fram til þessa hefur ekki hefur verið sett fram heildstæð stefna í öryggismálum fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg, en því verið beint til starfsstaða að þeir fylgi lögum. Síðustu ár hefur skort á miðlægan stuðning og sérfræðipækkingu og að viðhaldið sé virkum vettvangi fyrir samráð milli vinnuverndarfulltrúa. Einnig hefur verið áskorun að viðhalda og yfirfæra þekkingu, með svo miklum fjölda sjálfstæðra eininga og enga þjálfun á vegum borgarinnar sjálf. Þá hefur verið borið á ósamræmi í framkvæmd lykilþátta í öryggisstarfinu, t.d. varðandi öryggis- og heilbrigðisáætlanir, og yfirsýn ekki nægilega mikil.

Árið 2019 var starfshópi falið að meta núverandi stöðu á skipulagi og framkvæmd öryggismála og áhættumats með hliðsjón af vinnuverndarlögum og reglugerðum þeim tengdum og að setja fram tillögur að úrbótum. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu með ýmsum tillögum og ábendingum og er þessi stefna ætluð til úrbóta.

Stefna þessi er mótuð á vettvangi öryggisnefndar Reykjavíkur á árunum 2020-2022, byggð á lagalegum skyldum og ofangreindri skýrslu. Feitletraður texti hér undir er sjálf stefnan.



3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í öryggis- og vinnuumhverfismálum er eftirfarandi:

Að starfsumhverfið sé til þess fallið að vernda andlegt og líkamlegt öryggi starfsfólks með virku forvarnarstarfi og markvissum viðbrögðum.

Lögð eru til fjögur meginmarkmið til að styðja við fyrrgreinda framtíðarsýn. Stefnt er á að þeim markmiðum verði náð árið 2026.

Meginmarkmið:

1. Að komið sé á virku öryggisstjórnunarkerfi innan Reykjavíkurborgar þannig að stjórnskipulagið verði virkara og skýrara, m.a. með endurskoðuðum fjölda öryggisvarða (sjá mynd 1)
2. Að komið sé á samræmdum öryggis- og heilbrigðisáætlunum, þ.m.t. áhættumatsgerð ásamt miðlægri slysa- og atvikaskráningu, með skilgreindum viðbrögðum og eftirfylgni.
3. Að stuðningur, vitundarvakning og fræðsla stjórnenda og starfsfólks sé tryggð.
4. Innleiða áætlun um forvarnir og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki hjá Reykjavíkurborg.

Þessi markmið eru nauðsynleg byrjunarskref til að mynda góða öryggismenningu hjá Reykjavíkurborg.

Fyrsta markmiðið fjallar um að uppfylla lágmarks, lagalegar kröfur sem settar eru fram af stjórnvöldum. Það snýr að mönnun öryggisvarða, öryggistrúnaðarmanna og öryggisnefnda, á starfstöðum, sviðum og fyrir borgina í heild.

Annað markmiðið snýr að áætlunum, áhættumati, slysa og atvikaskráningu; þar sem annars vegar eru metnir andlegir og líkamlegir áhættuþættir fyrir starfsfólk og hins vegar að öll atvik og slys séu skráð á öllum starfstöðum. Fyrir hverja áhættu, slys, næstum slys eða atvik eru svo viðbrögð og úrbætur sem koma í veg fyrir endurtekningar sem og annað sem gæti komið upp.

Þriðja markmiðið snýr að stuðningi, vitundavakningu og fræðslu stjórnenda og starfsfólks í málaflokknum. Að allt starfsfólk Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega stjórnendur öðlist þá þekkingu sem nauðsynleg er til að takast á við öryggismál. Einnig að þeir viti til hvers sé ætlast af þeim og þeir hafi kunnáttu til að bregðast við og viti í hvaða farveg hlutirnir eiga að fara í.

Fjórða markmiðið fjallar um þá staðreynd að Reykjavíkurborg er stór vinnustaður þar sem starfsfólk á í samskiptum við þúsundir manns á hverjum degi; þjónustuþega, viðskiptavini og gesti og að ekki er hægt að ganga út frá því að þau samskipti séu öll án erfiðleika eða standi alveg utan við þá hegðun sem skilgreind er sem ofbeldi gegn starfsfólki.

Árangur gagnvart ofangreindum meginmarkmiðum er undirstaðan fyrir því að geta tekið næstu skref í átt að framtíðarsýn stefnunnar.



4. ÁHERSLUR TIL LOKA ÁRS 2026

Hér eru skilgreindar áherslur næstu fjögurra ára fyrir þau meginmarkmið sem lýst er hér að ofan.

1. Skýrt og virkt stjórnskipulag öryggismála (sjá tillögu í mynd 1)

- Að vinnuverndarfulltrúar (ÖV og ÖT) séu til staðar fyrir hvern vinnustað.
- Að öryggisnefndir sviða og stærri starfseininga viðhaldi reglubundnum tengslum við vinnuverndarfulltrúa þeirra starfsstaða sem heyra undir viðkomandi svið eða starfseiningu, vegna samráðs og upplýsingagjafar.
- Að öryggisnefnd Reykjavíkur viðhaldi reglubundnum tengslum við öryggisnefndir sviða og stærri starfseininga, vegna samráðs og upplýsingagjafar.
- Að stjórnendur starfseininga hafi regluleg tengsl við vinnuverndarfulltrúa og öryggisnefndir, til að tryggja upplýsingaflæði og viðeigandi aðgerðir.

2. Koma á samræmdum öryggis- og heilbrigðisáætlunum, áhættumati og atvikaskráningu, með viðbrögðum og eftirfylgni.

- Að reglulegt lögbundið áhættumat sé framkvæmt á starfsstöðum og að brugðist sé við þeirri áhættu sem greinist með markvissri eftirfylgni.
- Að öll svið klári gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar sem dragi skýrt fram sérstöðu hvers sviðs og þeirra áhættuþátta sem einkenna störf þar.
- Að skráningu slysa, næstum-því-slysa og hættulegra atvika (þ.m.t. EKKO atvik) sé fylgt eftir, og áhættumöt reglulega uppfærð í samræmi við skráð atvik.
- Tryggt sé að eftirfylgni við atvik og slys sé unnin og farið í viðeigandi aðgerðir.

3. Fræðsla til stjórnenda, ÖV/ÖT og starfsfólks sé tryggð.

- Stjórnendur fái fræðslu um öryggismál og um þeirra ábyrgð á málaflokknum. Að þeir átti sig á því að þeirra forysta er nauðsynleg.
- ÖV/ÖT fái fræðslu um öryggismál annað hvert ár að lágmarki.
- Viðeigandi fræðsla til starfsfólks sé tryggð, að komið sé á almennri vitundarvakningu um öryggismál og að almenn þekking á helstu ferlum öryggis- og vinnuverndarmála mælist í viðhorfakönnunum.

4. Innleiða áætlun um forvarnir og viðbrögð við ofbeldi gegn starfsfólki hjá Reykjavíkurborg.

- Að móta og innleiða áætlun um fyrirbyggingu og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.
- Að komið sé á verklagi og ferlum vegna ofbeldis gegn starfsfólki og aðstæðna sem líkur eru á að leitt geti til ofbeldis gegn starfsfólki verði ekki gripið til aðgerða.
- Að koma á fræðslu- og þjálfunarferli fyrir starfsfólk um verklag og ferla vegna ofbeldis gegn þeim.

Ofangreindar áherslur eru nánar útfærðar í töflu í viðauka A, með mælanlegum markmiðum og aðgerðum. Öryggisnefnd Reykjavíkur útfærir töfluna og uppfærir reglulega eftir því sem innleiðingu stefnunnar vindur fram.



Viðauki A

Nr.	Áhersla	Mælikvarði	Aðgerð og ábyrgð
1a	Að öryggistrúnaðarmenn (ÖT) séu til staðar á hverjum vinnustað og öryggisverðir (ÖV) í hverjum „klasa“	Hlutfall starfsstaða sem hafa ÖT, og aðgang að ÖV	Gera skrá yfir alla ÖV/ÖT á öllum starfsstöðum, sameina störf ÖV innan klasa, ný erindisbréf. Ábyrgð: MOS
1b	Að öryggisnefndir sviða og stærri starfseininga viðhaldi reglubundnum tengslum við vinnuverndarfulltrúa þeirra starfsstaða sem heyra undir viðkomandi svið eða starfseiningu, vegna samráðs og upplýsingagjafar.	Könnun meðal vinnuverndarfulltrúa sýnir fram á góð tengsl	Þjálfun og leiðsögn, aðstoð við skipulag funda. Kerfi fyrir reglulega snertifleti. Ábyrgð: Formenn öryggisnefnda
1c	Að öryggisnefnd Reykjavíkur (ÖNR) viðhaldi reglubundnum tengslum við öryggisnefndir sviða (ÖNS) og stærri starfseininga, vegna samráðs og upplýsingagjafar.	Fjöldi funda ÖNR við ÖNS.	Starfsmaður ÖNR hittir öryggisnefndir sviða reglulega. Ábyrgð: MOS
1d	Að stjórnendur starfseininga hafi regluleg tengsl við vinnuverndarfulltrúa og öryggisnefndir, til að tryggja upplýsingaflæði og viðeigandi aðgerðir.	Könnun meðal vinnuverndarfulltrúa staðfestir tengsl	Fræðsla til stjórnenda og eftirfylgni frá MOS – um reglulega snertifleti. Ábyrgð: Stjórnendur sviða með stuðningi frá MOS
2a	Að reglulegt, lögbundið áhættumat sé framkvæmt á starfsstöðum og að brugðist sé við þeirri áhættu sem greinist með markvissri eftirfylgni.	Hlutfall staða sem hafa gert áhættumat	Starfa saman að áhættumati og eftirfylgni þess, samnýta og samræma áhættumat eins og hægt er. Ábyrgð: MOS og svið
2b	Að hvert svið sé með öryggis- og heilbrigðisáætlun, byggða á samræmdu áhættumati	Lokið fyrir öll svið í árslok 2024	Samræming áætlanagerðar og stuðningur frá MOS. Ábyrgð: MOS og svið
2c	Að slys, næstum-því-slys og önnur atvik séu skráð.	Fjöldi starfsstaða sem eru að nota samræmt atvikaskráningarkerfi	Innleiða atvikaskráningarkerfi. Ábyrgð: FAS og ÞON
			Mótaðir verkferlar atvikaskráninga er snúa að öryggi og heilbrigði. Ábyrgð: MOS
2d	Tryggt sé að eftirfylgni við atvik og slys sé unnin og farið í viðeigandi aðgerðir.	Hlutfall atvika sem fara í úrbótaferil	Eftirfylgni atvikaskráningar tryggð. Ábyrgð: Sviðsstjórar með stuðningi frá MOS.
3a	Stjórnendur fái fræðslu um öryggismál og um þeirra ábyrgð á málaflokknum. Að þeir átti sig á því að þeirra forysta er nauðsynleg.	Könnun meðal stjórnenda	Stjórnendafræðsla um öryggismál. Fjallað um öryggismál í Forystunámi Reykjavíkurborgar. Ábyrgð: MOS
3b	ÖV/ÖT fái fræðslu um öryggismál annað hvert ár að lágmarki.	Hlutfall ÖV/ÖT sem hefur sótt viðeigandi námskeið á 24 mánaða fresti	Öryggisfræðsla í boði sem hentar hverju fagsviði. Ábyrgð: Sviðsstjórar með stuðningi frá MOS
3c	Viðeigandi öryggisfræðsla til starfsfólks sé tryggð, að komið sé á almennri vitundarvakningu um öryggismál og að almenn þekking á helstu ferlum öryggis og vinnuverndarmála mælist í viðhorfakönnunum.	Viðhorfskönnun staðfestir meðvitund	Breyting á viðhorfskönnun, setja inn spurningar um öryggismál. Ábyrgð: MOS
		Nýting á námskeiði í öryggismálum í fræðslukerfi	Öryggisvika haldin árlega, fyrst 2022. Ábyrgð: Öryggisnefnd Reykjavíkur
4a	Vinna áætlun um fyrirbyggingu og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.	Hlutfall starfsstaða sem innleitt hafa verklag og ferla og fara eftir þeim.	Yfirstjórn samþykkir áætlun og áætlun virkjuð. Ábyrgð: MOS
4b	Að komið sé á verklagi og ferlum vegna ofbeldis gegn starfsfólki og aðstæðna sem líkur eru á að leitt geti til ofbeldis gegn þeim verði ekki gripið til aðgerða.	Stefnt að 80% virkni áætlunar árið 2026	Verklag og ferlar mótað og innleitt. Ábyrgð: MOS



4c	Koma á fræðslu- og þjálfunarferli fyrir starfsfólk um verklag og ferla vegna ofbeldis gegn þeim.	Hlutfall starfsfólks á skilgreindum starfsstöðum sem sótt hafa fræðslu	Fræðslu- og þjálfunarferli tilbúið og innleitt. Ábyrgð: MOS
			Starfsfólk sækir fræðslu. Ábyrgð: Sviðsstjórar með stuðningi frá MOS



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Til þeirra sem málið varðar

Sendandi: Öryggisnefnd Reykjavíkur

Efni: Mat á kostnaði við framkvæmd öryggisstefnu sem nú liggur fyrir til afgreiðslu

Staða mála er sú að of fáir eru helgaðir öryggismálum:

Öryggisnefnd Reykjavíkur telur reynslu síðustu ára (eftir útgáfu skýrslu starfshóps um skipulag öryggismála og áhættumat 2019) sýna að ekki sé mögulegt að ná markmiðum öryggisstefnunnar nema til komi fleiri stöðugildi sem yrðu eyrnamerkt öryggismálum, bæði dreift og miðlægt.

Í dag er aðeins eitt stöðugildi miðlægt sem starfar eingöngu við öryggismál starfsfólks, á mannauðs- og starfsumhverfissviði. Þetta stöðugildi var áður helgað starfsumhverfi almennt, en á árinu 2021 var það endurskilgreint til að fást eingöngu við öryggismál og vinnuvernd.

Á sviðum borgarinnar er misjafnt hversu mikill mannskapur er helgaður öryggismálum og hversu miklum tíma vinnuverndarfulltrúar (öryggisverðir (ÖV) og öryggistrúnaðarmenn (ÖT)) verja í þau verkefni.

Vinnueftirlit ríkisins er nú í eftirliti í grunnskólum Reykjavíkurborgar og áformar eftirlit í velferðarþjónustunni. Nú þegar hafa borginni borist bréf um áformaðar dagsektir í kjölfar þessa.

Sérfræðingur í vinnuvernd gegnir í raun hlutverki öryggisstjóra:

Starfsmaðurinn sem gegnir hinu miðlæga stöðugildi sem að ofan er nefnt sinnir ýmsum verkefnum sem segja má að falli undir starfssvið öryggisstjóra eða leiðtoga öryggismála. Viðkomandi er starfsmaður sjö öryggisnefnda á sviðum, stendur fyrir lögbundinni öryggisfræðslu, er til ráðgjafar og stuðnings og vinnur að samræmingu. Umfang verkefnanna sem eru fram undan er langt umfram það sem eitt stöðugildi ræður við.

Öryggisstefnan kallar á styrkingu á hlutverki öryggisvarða á sviðum:

Samkvæmt öryggisstefnunni (sjá mynd 1 í stefnuskjalinu) er gert ráð fyrir að fjölgað verði þeim öryggisvörðum sem vinna með fleiri starfsstaði („klasa“). Fyrirmynd að þessu er á þjónustumiðstöð Vestur hjá VEL (einn ÖV með um 20 starfsstaði, er sterkt bakland fyrir ÖT og stjórnendur). Erfitt getur orðið að fjölga slíkum öryggisvörðum án þess að til komi viðbótar fjármagn eða stöðugildi.

Margir þættir í öryggisstefnunni kalla á samræmingu þvert á borgina og byggjast á sérhæfðri þekkingu:

Eins og áður segir er eina miðlæga stöðugildið að sinna því sem kalla má hlutverk öryggisstjóra eða leiðtoga öryggismála. Það sem út af stendur er að vinna þarf á samræmdan hátt að framkvæmd áhættumats starfa og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana, auk þess sem fram undan er innleiðing á samræmdri atvikaskráningu. Einnig þarf að samræma meira það sem snýr að raunlægu öryggi, og er nátengt vinnuvernd, en þó má segja að ákveðin stöðugildi á

USK og ÞON sinni því verkefni a.m.k. að hluta. Vinna við samræmt áhættumat og öryggis- og heilbrigðisáætlanir er mjög sérhæfð og krefst þekkingar og tíma, en áætlað er að það taki 1,5 ársverk að klára eina umferð í þeirri vinnu.

Nefndin leggur til eftirfarandi:

1. Að fjölgað verði um þrjú stöðugildi öryggisvarða í „klösum“ sem dreift er á sviðin í samræmi við mat á þörf. Öryggisvörður er lögbundinn fulltrúi vinnuveitenda í vinnuverndarstarfinu; skal vinna að áhættumati og áætlanagerð um öryggi og heilbrigði, auk þess sem öryggisverðir geta gegnt lykilhutverki við innleiðingu á samræmdri atvikaskráningu hjá borginni (sjá nánar í reglugerð 920/2006). Öryggisnefnd Reykjavíkur telur að þessi þrjú stöðugildi myndu duga til að hefja þessa umbreytingu og að í framhaldinu ættu sviðin að geta fært til fleiri stöðugildi, þegar aðferðafræðin hefur sannað sig. Skipting þessara stöðugilda á svið gæti til dæmis verið eftirfarandi:

- VEL: 1-1,5 stg.
- SFS: 1-1,5 stg.
- MOF, ÞON, FAS, MSS: 0-0,5 stg.

ÍTR og USK eru með hluta úr stöðugildi helgað þessum verkefnum í dag. Einnig er vakin athygli á því að USK hefur óskað eftir viðbótarstöðugildi í þessi mál.

2. Að fjölga um eitt stöðugildi miðlægt (starfsheiti: Vinnuverndarfulltrúi), sem myndi starfa sem ráðgefandi og leiðbeinandi aðili við gerð áhættumats, öryggis- og heilbrigðisáætlana og eftirfylgni atvika. Nýr starfsmaður myndi vinna í um fjögurra ára rúllandi takti sem hér segir (einungis tilgreind stærstu áhersluverkefni innan hvers árs):

- Ár 1-2: Aðstoð við gerð áhættumats á öllum starfsstöðum, samræming þar sem við á t.d. milli allra skóla, leikskóla o.s.frv.
- Ár 2-4: Aðstoð við gerð samræmdra öryggis- og heilbrigðisáætlana, fyrir öll svið.
- Ár 3-4: Aðstoð við eftirfylgni atvikaskráningar (í nýju atvikaskráningarkerfi), og að tryggja að starfsstaðir „loki“ atvikum.
- Ár 5 og áfram: Endurtaka ofangreint, uppfæra og vinna að stöðugum umbótum.

3. Að núverandi stöðugildi sérfræðings í öryggismálum á MOS verði umbreytt í stöðugildi öryggisstjóra eða leiðtoga öryggismála.

4. Að leitast verði við að kortleggja fyrirkomulag við raunlægt öryggi hjá borginni, og styrkja þá vinnu, þannig að samræmingar- og fræðsluþátturinn styrkist og nýtist öllum sviðum. Endurmetið eftir 2 ár hvernig til hefur tekist.

Kostnaðarmat

Tafla 1 sýnir lágmarks kostnað við ofangreindar breytingar. Eingöngu er áætlað fyrir stærstu verkefnunum í stefnunni, en gert ráð fyrir að svigrúm sé fyrir önnur verkefni samhliða störfum þeirra sem starfa að öryggismálum bæði dreift og miðlægt.

Tafla 1

Kostnaður við aðgerðaáætlun - stærstu kostnaðarliðir	Tegund kostnaðar	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Ár 4	ALLS á 4 árum
Öryggisverðir í klasakerfi (1.a.), m.v. 3 viðbótar stöðugildi samtals (skiptist á svið skv. mati á þörf)	Launakostnaður	31.500.000 kr	32.760.000 kr	34.070.400 kr	35.433.216 kr	133.763.616 kr
Aðstoð við gerð áhættumats fyrir alla starfsstaði (2.a.), 1,5 mannr (ár 1 og 2)	Launakostnaður	13.500.000 kr	7.020.000 kr	- kr	- kr	20.520.000 kr
Gerð samræmdra öryggis- og heilbrigðisáætlana fyrir öll svið (2.b.) - ár 2, 3 og 4	Launakostnaður	- kr	7.020.000 kr	7.300.800 kr	3.796.416 kr	18.117.216 kr
Eftirfylgni atvikaskráningar tryggð - aðstoð við úrbætur og úrvinnslu/lokun atvika (2.d.) - ár 3 og 4	Launakostnaður			7.300.800 kr	3.796.416 kr	11.097.216 kr
Alls á ári		45.000.000 kr	46.800.000 kr	48.672.000 kr	43.026.048 kr	183.498.048 kr

Áætlunin miðast við ráðningu ótímabundinna starfsmanna, því eins og áður segir þarf að uppfæra áhættumöt og áætlanir reglulega, eða á 4-5 ára fresti að lágmarki.

Mögulegt væri að ráða verktaka til að sinna verkþáttum í línunum 2 og 3 í kostnaðaráætlun hér að ofan, og er í raun gert ráð fyrir því skv. 21. reglugerðar nr. 920/2006 ef þekking er ekki fyrir hendi innan vinnustaðar. Þessi leið kostar þó mun meira, og ljóst að slíkir verktakar myndu eingöngu sinna afmörkuðum verkefnum, en ekki nýtast í aðra þætti aðgerðaáætlunarinnar samhliða. Öryggisnefnd Reykjavíkur telur vænlegra að ráða starfsmenn til borgarinnar heldur en að reiða sig á verktaka í svo mikilvægum málaflokki.

Samþykkt á fundi öryggisnefndar Reykjavíkur þann 24. mars 2022.